

FUNDARBOÐ ÞANN 5. APRÍL KL. 20:00

NÆSTI FRÆÐSLUFUNDUR

Næsti fræðslufundur verður fimmtudagskvöldið 5. apríl og er sameiginlegur með Stómasamtökunum.

Að þessu sinni er það íþróttapjálfarinn Pálmar Ragnarson sem verður með fyrirlestur um jákvæð samskipti og það að setja sér markmið. Hann er með meðal annars með BS í sálfræði og ætlar einnig að fjalla um hvernig við getum reynt að takast á við erfiðleika með jákvæðu hugarfari, sem oft á tíðum getur reynst fólki erfitt.

Fundurinn verður í sal Krabbameinsfélagsins í Skógarhlíðinni, 1.hæð til hægri og hefst kl. 20.00. Kaffi verður á könnunni og eitthvað góðgæti með.

Allir eru velkomnir og við vonumst til að sjá sem flesta.

FRÁ AÐALFUNDI

NÝ STJÓRN

Aðalfundurinn var 20. febrúar síðastliðinn og að venju voru hefðbundin aðalfundarstörf á dagskrá og m.a. kosin ný stjórn:

Edda Svavarsdóttir	<i>Formaður</i>
Hulda B. Þórðardóttir	<i>Gjaldkeri</i>
Sóley Veturliðadóttir	<i>Ritari</i>
Elísabet Sverrisdóttir	<i>Meðstjórnandi</i>
Vantar einn :-)	<i>Meðstjórnandi</i>

Hrefna B. Jóhannsdóttir	<i>Varamaður</i>
Sigurborg Sturludóttir	<i>Varamaður</i>

Emil B. Hallgrímsson	<i>Skoðunarmaður reikninga</i>
Hrönn Petersen	<i>Skoðunarmaður reikninga</i>

Rakel Ýr Aðalsteinsdóttir er tengiliður stjórnar við ungliðahópinn.

Félagsgjald var samþykkt óbreytt, kr. 2000,- og rúkkun verður send í heimabankann um mánaðamótin mars/apríl. Ein tillaga hafði borist fyrir fund um að þeir sem sætu í stjórn myndu ekki þurfa að borga félagsgjöld. Rakel Ýr lagði fram breytingartillögu við innsendu tillöguna, að þetta ætti líka að eiga við varamenn, endurskoðendur og ungliða. Tillögurnar voru bornar upp og þær samþykktar.

Eftir fundinn kom Jón Halldórsson frá KVAN og talaði um reynslu sína af því að vera með langvarandi sjúkdóm, en bæði hann og dóttir hans eru með Colitis Ulcerosa. Fyrirlesturinn er vistaður inn á lokaða umræðuhópnum á fésbókinni.

Eins og sést vantar okkur ennþá einn í stjórn til þess að hún sé fullmönnuð. Er ekki einhver hér í hópnum sem hefur áhuga á því að taka þátt í stjórnarstarfinu ?



MOLAR.....

HLAUPASTYRKUR.IS

Reykjavíkumaraþonið verður 18. ágúst og nú þegar eru þeir búnir að skrá sig á hlaupalistann hjá CCU !

UNGLIÐAFRÉTTIR

Síðasti hittingur ungliðahópsins var haldinn í Keiluhöllinni þann 8. febrúar. Þátttakan var góð en alls mættu 8 manns í matinn á Shake&Pizza og eftir hann var farið í keilu.

Ákvörðun var tekin um að leyfa þátttakendum að koma með einn gest á hittinginn að þessu sinni í von um betri mætingu og voru einhverjir sem nýttu sér það. Ungliðarnir skemmtu sér vel og nutu þau kvöldsins saman.

Næsti hittingur hjá hópnum verður sunnudaginn 15. apríl kl 12:00. Þau ætla að skella sér saman í brunch. Staðsetning er óákveðin en mun koma í ljós á næstu dögum. Vonandi sjá sem flestir ungliðar sér fært að mæta.

I'M PRETTY TOUGH.
BUT SOME DAYS MY BODY JUST SAYS:

NOPE.



Sá sem hrasar og dettur
og stendur upp aftur
er svo miklu sterkari
en sá sem hrasar aldrei

Þegar þú ert með langvinnan sjúkdóm
er svefninn stundum eina leiðin
til að fá lausn
Þegar við erum sofandi
Erum við ekki döpur
Við erum ekki pirruð
Við erum ekki einmanna
Við erum ekki með verki
Eina vandamálið er
að við getum ekki sofnað

SPAKMÆLI MÁNAÐARINS

Stuttar ræður eru ekki alltaf bestar, en bestu ræðurnar eru ávallt stuttar.

Ókunnur höfundur